

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 32/2007

frá 27. apríl

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2006 frá 22. september 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/193/EB frá 1. mars 2006 um reglur, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001, um notkun kennimerkis umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS) í undantekningartilvikum á flutningsumbúðir og þriðjastigsumbúðir ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1eaa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„leab. **32006 D 0193**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/193/EB frá 1. mars 2006 um reglur, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001, um notkun kennimerkis umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS) í undantekningartilvikum á flutningsumbúðir og þriðjastigsumbúðir (Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 63).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/193/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 55, og EES-viðbætur nr. 60, 30.11.2006, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 63.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.